

Fundur hófst kl. 14.30. Mættir voru: Guðmundur Ólafur Ásmundsson, Agnes Hólm Gunnarsdóttir, Jóhannes Larsen, Kristinn Sverrisson, Svanborg Ísberg og Birgir Gauti Kristjánsson. Forföll boðuðu Júlía Rún Þórarinsdóttir, Svala Sigurðardóttir og Sólveig Jóhannsdóttir.

Starfsáætlun skólaársins 2022-2023 kynnt.

Drög að skipulagi skólaársins 2022-2023. Skólastjóri fór yfir úthlutun tíma o.p.h. Kennslukvóti svipaður og í fyrra. Loforð liggur fyrir frá eignadeild bæjarins að skólinn verði kominn í kennsluhæft horf í haust eftir mygluviðgerðir og viðhald.

Barnaþing skóla í Kópavogi. Gerðar voru tillögur að endurbótum skólastarfs í skólum bæjarins og þær sendar til bæjarstjórnar Kópavogs. Þinginu voru sendar tillögur frá barnaþingi Kópavogsskóla. Skýrsla bæjarstjórnar um tillögurnar af þinginu skoðaðar. Margt hægt að framkvæma með hagræðingu innan skólanna en annað gæti reynst flóknara.

Niðurstöður á úttektum á mötuneytum skóla í bæjarfélaginu. Óháð matsfyrirtæki gerði úttektina, forunnu margt en komu og yfirfóru starfsemi mötuneytisins. Gagnrýni varðandi mötuneyti Kópavogsskóla snýr aðallega að vöntun á grófmeti sem er auðvelt að bregðast við og lagfæra.

Próunarstyrkir. Umsóknir fóru frá skólanum vegna verkefna í námsveri og varðandi nemendur af erlendum uppruna. Fengum eina og hálf milljón í úthlutun og skipulagning hefst næstkomandi haust.

Húsnæðismál. Búið er að brjóta úr flestum kennslustofum sem í fannst mygla í vetur. Á unglíngagangi verður skipt um glugga og veggir hreinsaðir. Það þarf að huga að ýmsu viðhaldi utanhúss, málningu innanhúss og vinnu við vegg í stofum í miðhúsi. Fundað verður um húsnæðismál í júní.

Uppgjör vetrarins - Faraldurinn og myglan. Allir starfsmenn skólans lögðust á eitt um að vel tækist varðandi breytingar á skólastarfi og húsnæði með á faraldrinum stór og þegar bregðast þurfti við húsnæðisvandamálum vegna myglu. Forföll vegna veikinda kennara voru tíð og aðrir kennarar tóku á sig umtalsvert álag til að sem minnst rask yrði á skólagöngu nemenda. Gera má ráð fyrir að útskriftarnemar finni fyrir að eitthvað vanti upp á námsyfirferð þegar í framhaldsskóla er komið.

Önnur mál:

Valmöguleiki fyrir börn í leik- og grunnskólum mun opnast með tilkomu grænkerafæðis.

Vinnutímastytting kennara. Má ekki kosta neitt. Málið komið í nefnd.

Fundi slitið kl 15.45.

Fundarritari er Sí.